

# Vestmannaeyjalínur 4 og 5 – Lagning 66 kV sæstrengja til Vestmannaeyja

## Ákvörðun um matsskyldu

### 1 Inngangur

Þann 12. september 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti um Vestmannaeyjalínur 4 og 5 – Lagningu 66 kV sæstrengja til Vestmannaeyja, Vestmannaeyjabæ og Rangárþingi eystra, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.16 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Vestmannaeyjabæjar, Rangárþings eystra, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar, Samgöngustofu og Vegagerðarinnar.

### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Vestmannaeyjalínur 4 og 5 – lagning 66 kV Sæstrengja til Vestmannaeyja. Til ákvörðunar um matsskyldu. Landsnet – Verkís. Ágúst 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Vestmannaeyjabæ dags. 11. október 2024
- Rangárþingi eystra dags. 20. september 2024
- Hafrannsóknastofnun dags. 30. september 2024
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 30. september 2024
- Minjastofnun Íslands dags. 21. október 2024
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 30. september 2024
- Umhverfisstofnun dags. 25. september 2024
- Samgöngustofu dags. 2. október 2024
- Vegagerðinni dags. 26. september 2024

Ekki barst svar frá Orkustofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 6. nóvember 2024.

### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu Vestmannaeyjalína 4 og 5. Strengirnir verða lagðir á sama tíma og liggja á milli sömu tengivirkja, samliggjandi að hluta. Línurnar eru nýir 66 kV jarð- og sæstrengir sem koma til með að liggja frá tengivirkinu Rimakoti í Rangárþingi eystra sem jarðstrengir niður Landeyjarsand til sjávar, þaðan sem sæstrengir að landi í Vestmannaeyjum og sem jarðstrengir að tengivirki við austurenda hafnarinnar. Strengirnir verða báðir um 18 km langir í heildina og er tilgangur framkvæmdarinnar að tryggja örugga orkuafhendingu fyrir byggðina í



Vestmannaeyjum með því að styrkja tengingu við flutningskerfið á Suðurlandi. Framkvæmdin er hluti af áætlun Landsnets um að auka afhendingargetu og afhendingaröryggi til Vestmannaeyja.

Vestmannaeyjalínur 1, 2 og 3 eru einnig sæstrengir sem liggja nú um svæðið og hafa verið notaðir til raforkuflutnings til Vestmannaeyja. Vestmannaeyjalína 3 bilaði í janúar 2023 og í millitíðinni þurfti að flytja rafmagn um Vestmannaeyjalínu 1, sem er strengur frá 1962 með takmarkaða flutningsgetu. Auk þess voru samnýttir leiðarar úr óvirkri Vestmannaeyjalínu 2 og að hluta til bilaða Vestmannaeyjalínu 3 til að flytja rafmagn á meðan biluninni stóð. Þar sem Vestmannaeyjar eru einungis tengdar flutningskerfinu um sæstrengi getur viðgerðartími verið margir mánuðir ef bilun verður og með því að leggja bæði Vestmannaeyjalínu 4 og 5 er afhendingaröryggi tryggt þó bilun verði í öðrum strengnum. Fyrirhugað er að nýta áfram Vestmannaeyjalínu 3 með 33 kV spennu en samkvæmt greiningu Eflu er óráðlegt að taka upp Vestmannaeyjalínu 2 af sjávarbotni samhliða lagningu Vestmannaeyjalínu 4 og 5 fyrr en komin er reynsla á rekstur þeirra. Sú framkvæmd gæti komið aftur til skoðunar síðar.

### *Strenglög*

Jarðstrengirnir verða grafnir í skurði með um 0,8 m botnbreidd. Skurðsnið og dýpi frá yfirborði miðast við að verja strengina. Strengirnir verða grafnir á um 1 m dýpi og lagðir í sérstakan varmaleiðandi strengjasand. Ofan á strengjasandinn verður fyllt upp með uppgröfnu efni eða aðfluttu efni ef nauðsyn krefur. Uppgrafið efni verður notað sem landfylling en ónothæft efni verður fjarlæggt. Yfir strengina verður lagður hlífðarborði og strengirnir merktir með viðvörðunarbörðum neðan yfirborðs og með stikum á yfirborði. Næst Rimakoti var Vestmannaeyjalína 3 plægð niður og gera má ráð fyrir að það sama muni eiga við Vestmannaeyjalínur 4 og 5. Þar sem strengur er plægður niður er enginn strengjasandur notaður og ummerki eftir framkvæmdirnar verða minni.

Jarðstrengir eru samsettir úr þremur aðskildum einleiðarastrengjum sem lagðir eru í þríhyrningsuppröðun í varmaleiðandi strengjasand til þess að bæta kælingu á strengnum. Einleiðarar sem mynda strenginn verða gerðir fyrir 66 kV rekstrarspennu og 60 MVA flutningsgetu.

### *Slóðagerð*

Vegna fyrri strenglagningar í Rimakoti er um 800 m langur slóði til suðurs nú þegar til staðar eftir lagningu Vestmannaeyjalínu 3 sem mögulega mætti nýta við lagningu Vestmannaeyjalína 4 og 5. Ef nauðsynlegt er að leggja nýja slóða í móanum sunnan Rimakots er reiknað með að það þurfi að jafna vegstæðið og leggja jarðvegisdúk áður en fyllt er með burðarlagsefni. Á sandinum sunnan gróðursvæðis þarf að jafna sandöldur og fylla í slóða. Líklega verði hægt að samnýta slóða fyrir lagningu Vestmannaeyjalína 4 og 5 á þeim kafla þar sem þeir eru samliggjandi. Í Heimaey mun strengurinn liggja í fjöru og hrauni, sums staðar við slóða eða göngustíga sem gætu nýst við akstur vegna verkefnisins en mögulega þarf annars staðar að gera nýja slóða vegna lagningar jarðstrengsins. Gert er ráð fyrir að slóðar verði látnir standa að lokinni strenglög.

### *Sæstrengir*

Sæstrengirnir verða lagðir út ofan á botninn með sérútbúnu skipi. Sjávarbotninn hefur verið skoðaður á fyrirhugaðri strengleið yfir Eyjasund til að kanna hversu vel botngerðin hentar fyrir strenglagningu. Sæstrengirnir munu hvor um sig samstanda af þríleiðara með heilkjarna strengjum og verða varðir af einföldu lagi af stálvírum sem myndar brynju strengjanna. Þar sem sæstrengirnir koma á land eru þeir grafnir niður. Land- og sæstrengir eru tengdir saman með sérstökum samsetningarmúffum. Þeir koma til með að þvera aðra háspennustrengi, vatnslagnir, ljósleiðara og fjarskiptastreng. Meginmarkmiðið í þverunum er að strengirnir séu vel varðir og skapi ekki hættu.



Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að merkja beri landstökustað strengsins fyrir sjófarendur svo að þeir séu upplýstir um legu hans í sjónum. Samráð skuli haft við Vegagerðina um gerð og staðsetningu slíkra leiðarmerkja. Ekki megi taka leiðarmerki í notkun fyrr en úttekt hafi farið fram af hendi Samgöngustofu.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að samráð verði haft við Vegagerðarinnar um gerð og staðsetningu leiðarmerkja samkvæmt óskum stofnunarinnar.



Mynd 1. Lega fyrirhugaðra sæstrengja, Vestmannaeyjalína 4 og 5 ásamt núverandi sæstrengjum.

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsnets og umsögnum umsagnaraðila.

### Áhrif á jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að berggrunnur svæðisins landmegin í Rimakoti séu setlög frá nútíma mynduð af framburði jökuláa og Vestmannaeyjamegin sé berggrunnurinn basísk og ísúr hraun yngri en 1100 ára. Þar sem landtaka sé í Vestmannaeyjum njóti Eldfellshraun sérstakrar verndar skv. 61. grein náttúruverndarlaga sem hraun frá nútíma. Útbreiðsla lúpínu hafi dregið úr verndargildi og breytt ásýnd hraunsins.

Botngerð sjávarins sé aðallega sandur á leið sæstrengsins næst meginlandi og þar sem nær dragi Vestmannaeyjum sé undirlagið grófara og næst ströndinni sé það steinar og berg sem einkenni botninn.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þar sem framkvæmdin komi til með að raska vernduðu hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafi verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum fyrir því að þeir



urðu ekki fyrir valinu. Lagning jarðstrengja í hraun geti haft talsvert neikvæð umhverfisáhrif í för með sér þar sem röskun á hrauni sé að stærstu leyti varanleg og óafturkræf. Að mati stofnunarinnar sé mikilvægt að metin séu áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd svæðisins og hvort hún muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminjanna sem séu í húfi.

Umhverfisstofnun leggi áherslu á að reynt verði að komast hjá lagningu nýrra slóða í gegnum hraun sem njóti sérstakrar verndar náttúruverndaralaganna. Auk þess sem slóðar sem nauðsynlega þurfi að leggja í gegnum hraunið séu lagðir eins og hægt sé í gegnum þegar raskað svæði.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að valkostagreining hafi verið framkvæmd vegna breytingar á aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar vegna Vestmannaeyjalína 4 og 5. Skipulagstillagan hafi verið auglýst og staðfest. Vísað er til þessarar greiningar í matsskyldufyrirspurn. Ýmsar leiðir að landi og spennistöð í Vestmannaeyjum voru skoðaðir. Leiðinni sem lýst sé í greinargerð fyrirspurnar hafi verið talin fela í sér mest rekstraröryggi og minnst umhverfisrask.

Landsnet bendi á það sem komi fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um aðalskipulagsbreytingu Vestmannaeyjabæjar „þrátt fyrir að framkvæmdirnar komi til með að hafa töluverð áhrif á nútímahraun leggist stofnunin ekki gegn því að leið 1B verði valin þar sem að hér sé um mikið hagsmunamál að ræða fyrir bæinn og aðrir kostir komi vart til greina“.

Sértækir skilmálar hafi verið skilgreindir í breytingu á aðalskipulagi varðandi umgengni við lagningu háspennustrengja á óbyggðum svæðum með hraunfyrirborði og hverfisvernduðum svæðum, og endurnýjun umhverfis að framkvæmdum loknum;

- Hraunsteinar séu teknir frá og notaðir við að endurgera umhverfi.
- Nákvæmt leiðarval sé ákveðið út frá hraunmyndunum á hverjum stað – mögulega verði stundum meira bil milli strengja til að sneiða hjá hraunmyndunum.
- Þar sem strengjaleiðir breyti eðlilegu landslagi vikursyfyrborðs (t.d. vegna skeringa eða hóla) að þar sé leitast við að endurgera yfirborðið.
- Leitast sé við að nýjar gönguleiðir séu búnar til þar sem strengjaleiðir búi til nýtt aðgengi.

Landsnet taki undir að mikilvægt sé að halda slóðagerð í lágmarki og það sé almennt gert með því að nýta fyrirliggjandi slóða og vegi. Líklega þurfi að gera nýja slóða á nokkrum stöðum í hrauninu vegna lagningar jarðstrengs, þó sé að miklu leyti farin leið um núverandi göngustíga sem hægt væri að nýta. Gert sé ráð fyrir að nýir slóðar vegna lagningarinnar verði látnir standa og í framhaldinu væri hægt að nýta þá sem nýjar gönguleiðir. Samráð verði haft við Vestmannaeyjabæ á framkvæmdatíma og unnið verði í áföngum til þess að lágmarka rask á hrauninu.

### Áhrif á gróður

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að jarðstrengir muni fylgja leið eldri strengs frá Rimakoti niður á Landeyjarsand þar sem leiðir aðskiljist. Strengirnir verði því að miklu leyti í áður röskuðu landi. Á þessu svæði sé annarsvegar gras- og mólendi og votlendi, og hinsvegar strandlendi. Helstu vistgerðir skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands séu língresis- og vingulsvist, tún- og akurlendi, hrossanálarvist, strandmelhólavist, og sandstrandavist og fjöruvistir. Frá landtöku í Vestmannaeyjum og að tengivikri sé strengleiðin mestmegnis í strand- og hraunlendi. Stór hluti leiðarinnar sé samsíða göngustígum þ.e. á eða við þegar raskað land. Alaskalúpínan hafi tekið sé bólfestu á stórum hluta leiðarinnar. Helstu vistgerðir á strengleiðinni skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands séu fjöruvistir, eyðihraunavist, mosahraunavist og alaskalúpína.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að innan framkvæmdasvæðisins finnist m.a. vistgerðin língresis- og vingulsvist sem sé með hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins um vistgerðir sem þarfnist verndar. Mikilvægt sé að frágangur við strenglögna sé vandaður og farið verði í viðeigandi mótvægisáðgerðir eins og að þetta skurði þar sem strengirnir fari í gegnum votlendi. Þar



sem ekki sé hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi sé góður frágangur um rasksvæði og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsenda þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að strengirnir verði líklega plægðir niður frá Rimakoti að Landeyjafjöru líkt og gert hafi verið með Vestmannaeyjalínu 3. Þar sem plægingu sé beitt myndist einungis mjótt plógsár auk hjólfara sem jöfnuðu sig fljótt í tilfelli línu 3. Ef það verði grafnir skurðir í gegnum votlendi verði gætt að því að þetta skurðina. Framkvæmdaraðili muni vanda til frágangs líkt og fjallað sé um í greinargerð.

#### **Áhrif á fugla**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að strengleiðin frá Rimakoti niður Landeyjarsand sé innan mikilvægs fuglasvæðis; *Suðurlandsundirlendi* skv. vefsja Náttúrufræðistofnunar Íslands, *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. Fuglasvæðið sé umfangsmikið og nái frá Helligsheiði að Markarfljóti og er afar líffræðilega fjölbreytt. Sandfjörur á Suðurlandi tilheyri vistgerðinni *Brimsamur sandfjörur* og segi um þá vistgerð að þar sé fuglalíf mjög lítið og fábreytt. Umhverfið lengra inni í landi sé vænlegra fyrir fuglalíf, þar sem lítill hluti strengleiðar fari um votlendi og stærri hluti um móa og graslendi þar til komið sé að Rimakoti.

Í Vestmannaeyjum séu afar mikilvægar varpstöðvar ýmissa sjófuglategunda og falli eyjarnar allar og umlykjandi hafsvæði undir mikilvæg fuglasvæði. Ýmsa fuglastofna sé einungis að finna í Vestmannaeyjum þ.e. skrofu, stormsvölu og sjósvölu en einkennisfuglinn sé lundinn og þar sé stærsta lundabyggð landsins. Aðrar tegundir þar falli undir alþjóðleg verndarviðmið. Gjábakkafjara þar sem strengirnir komi í land í Vestmannaeyjum sé nú þegar röskuð sandfjara og þar sé ekki að finna lykilttegundir sjófugla.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin hvetji framkvæmdaraðila til þess að leita álits hjá Náttúrufræðistofu Suðurlands varðandi fuglalíf á framkvæmdasvæðinu í Vestmannaeyjum og hvaða leiðir mætti fara til að lágmarka rask á fuglalífi. Skv. lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segi að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Umhverfisstofnun telji mikilvægt að framkvæmdin fari fram fyrir utan varptíma til þess að lágmarka rask á fuglalífi.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Landsnet taki undir að æskilegt sé að gæta varkárni á mikilvægum fuglasvæðum eins og kostur sé. Framkvæmdaraðili telji sig ekki geta orðið við beiðni um að framkvæmdir fari fram utan varptíma. Tækifæri til lagningar velti að miklu leyti á atriðum eins og hvenær búnaður sem hingað komi til lands frá Evrópu sé tiltækur og hvenær veðurfar sé hagstætt til framkvæmda. Afhendingartími strengsins, verktilhögun og tímaplön þeirra sem komi að strenglögnum stefni í að skarast á við varptíma í maí og júní. Stefnt sé að lagningu sæstrengsins í júlí. Hinsvegar vænti Landsnet þess að fá leiðbeiningar við samráð við Náttúrufræðistofu Suðurlands sem séu til þess fallnar að lágmarka áhrif á fugla m.t.t. varptíma.

#### **Áhrif á lífríki á sjávarbotni**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Sæstrengurinn liggja að mestu ofan á sjávarbotninum en sé að hluta til grafinn í sand næst landi. Næst eyjum séu klettur og klappir en annars sé botninn að mestu sandsteinsbotn. Við fyrirbyggjandi strengi hafi myndast umhverfi fyrir botnþörungum og draga megi þá ályktun að slíkt hið sama muni gerast við nýju strenglagnirnar.

Vestmannaeyjar séu á B-hluta náttúruminjasrár sem Alþingi hafi sett í forgang um friðlýsingu eða friðun. Svæðið hafi verið valið vegna fjöruvistgerða og fugla þ.e. klóþangsfjöru að hluta og mikilvægra varpstöðva sjófugla. Klóþangsfjörur séu fjarri svæðinu þar sem fyrirhuguð landtaka strengjanna sé.



## Áhrif á fornminjar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að friðaðar fornleifar séu nálægt tengivirkinu við Rimakot og friðlýstar fornminjar séu við Skansinn í nálægð við tengivirkið í Vestmannaeyjum. Fornleifaskráning á lagnaleið frá tengivirki við Rimakot og út í sjó var unnin af fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða. Alls voru 14 minjar skráðar á athafnasvæði Landsnets, þ.e. um 144 m breytt svæði sem afmarkist af skurði til austurs og girðingu til vesturs og sé sunnan við spennistöð. Lagning strengjanna hafi bein áhrif á þrjár minjar þar sem farið sé yfir garðlag og í jaðar á mó eða torftökusvæði og yfir þúst. Einnig sé strengleið aðeins 2,5 m frá rúst sem líkleg sé til að verða fyrir áhrifum vegna strenglagnarinnar. Aðrar rústir teljist ekki í bráðri hættu vegna framkvæmdanna. Lagðar séu fram tillögur að mótvægisáðgerðum fyrir framangreindar þrjár minjar sem séu í mikilli hættu og muni Landsnet framfylgja þeim í samráði við fornleifafræðinga.

Á Skansinum í Vestmannaeyjum þar sem strengleið fari hjá séu friðlýstar fornleifar þ.e. virki sem njóti 100 m friðhelgi skv. lögum um menningarminjar. Fyrirhuguð strengleið fari á litlum kafla inn á jaðar friðhelgi fornleifanna, en verði sunnan við veg sem aðskilji fornleifarnar frá framkvæmdunum. Fornleifarnar sem hér um ræðir séu gömul mannvirki, þ.e. virkishleðslur sem hafi verið haldið við og lagfærðar í gegnum aldirnar. Ef áður óþekktar minjar komi í ljós á framkvæmdatíma verði haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmdir stöðvaðar uns fengin hafi verið ákvörðun Minjastofnunar Íslands um framhaldið.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að þar sem strengurinn muni hafa áhrif á þrjár minjar við Rimakot þurfi að fá fornleifafræðing til að gera könnunarskurði til að kanna umfang og eðli minjanna. Minjastofnun muni í kjölfarið ákveða hvort frekari mótvægisáðgerða sé þörf útfrá niðurstöðum. Þá þurfi að merkja og upplýsa verktaka á vettvangi um aðrar minjar sem séu í innan við 15 m fjarlægð við strengleið svo þær raskist ekki af gáleysi.

Einnig kemur fram að þar sem fyrirhuguð strengleið liggir eftir sjávarbotninum frá meginlandi að Vestmannaeyjum þurfi að fá neðansjávarfornleifafræðing til að skoða og fara yfir gögn sem gerð hafi verið s.s. skönn og mælingar af hafsbotni til að ganga úr skugga um að ekki sé flök á leiðinni.

Á kaflanum þar sem strengleiðin liggir innan friðhelgissvæðis friðlýstra minja á Skansinum sé æskilegt að strengurinn sé færður út fyrir friðhelgunarsvæðið en sé það ekki mögulegt skal halda öllu raski í lágmarki og ganga vel frá svæðinu að verki loknu.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Landsnet muni hafa samband við minjavörð á Suðurlandi og vinna í samráði við hann frekari skoðun þessara minja. Landsnet vinni nú að endanlegri leiðarlegu sæstrengsins þar sem erlendir sérfræðingar fari yfir gögn og mælingar af hafsbotni, til að finna bestu leiðina fyrir strenginn. Ef þeir finni merki um skipsflök verði Minjastofnun látin vita en ljóst þygi að hagur Landsnets sé að forðast slíkar fyrirstöður og því sé ljóst að strengirnir muni ekki raska slíkum minjum séu þær til staðar.

Önnur strengleiðanna komi til með að liggja innan 100 m friðhelgissvæðis friðlýstu minjanna á Skansinum. Þar sem leiðin sé innan friðhelgissvæðis sé hún hinu megin þ.e. sunnan megin við veg sem sé einnig innan friðhelgissvæðis. Því sé talið mjög ólíklegt að framkvæmdin valdi raski á friðlýstu minjunum. Leiðin hafi verið valin með það sjónarmið að fylgja stígum og vegum og valda sem minnstu raski á öröskuðu hrauni. Ef leiðin færi lengra frá veginum þ.e. út fyrir friðhelgissvæði myndi það líklega valda meira raski á öröskuðu hrauni. Öllu raski verði haldið í lágmarki á framkvæmdatíma og passað upp á góðan frágang á svæðinu að verkinu loknu. Leitast verði eftir að fá verklag friðhelgissvæðisins samþykkt af Minjastofnun Íslands.

## Áhrif á landslag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að jarðstrengirnir muni liggja að mestu um óbyggt land. Frá Rimakoti og til sjávar sé um að ræða landbúnaðarland og strandsvæði. Samkvæmt flokkun



og kortlagningu landslagsgerða er Landeyjasandur innan landslagsgerðarinnar *Jökulsandar* og landslagssvæðisins *Sandar á Suðurlandi, frá Stokkseyri að Dyrhólaey*. Land á þessu landslagssvæði hækkar aðeins lítillega frá sjávarmáli og landformið er flatt eða öldótt og yfirborð þess að mestu ógrónir sandar eða eyrar. Norðan strandar taki landslagsgerðin *Graslendar sléttur við strendur* við og landslagssvæðið *Suðurlandsundirlendið*. Um sé að ræða víðáttumikið láglent svæði við suðurströnd landsins þar sem yfirborð sé vel gróið graslendi, ræktað land og votlendi. Á því svæði sem jarðstrengurinn muni liggja frá strönd Landeyjarsands að Rimakoti séu engin verndarsvæði skv. náttúruminjaskrá eða hverfisvernd í aðalskipulagi.

Sæstrengirnir muni taka land við Gjábackafjöru í Heimaey og þaðan liggja jarðstrengirnir upp gil til suðurs og þveri Skansveg á leið vestur að tengivirki Landsnets við suðaustanverða höfnina. Skv. flokkun og kortlagningu landslagsgerða sé Heimaey flokkuð undir landslagsgerðina *Eyjar, drangar og sker* og landslagssvæðið *Vestmannaeyjar*. Land á þessu landslagssvæði samanstandi af eyjum sem rísa um 100 til 250 m upp frá sjó, með bröttum björgum og klettum næst sjó en yfirborð sé grasi gróið. Þar sem jarðstrengirnir liggja um sé hraunbreiða frá því Heimaey gaus árið 1973 og hún setji svip sinn á landið. Lagnaleiðin sé innan hverfisverndar í Aðalskiplagi Vestmannaeyjabæjar 2015-2035 þar sem hún fer yfir hraunfyllu að nafni Flakkarinn sem myndaðist í Heimaeyjargosinu 1973. Strengleiðin muni liggja um svæði sem hafi verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnun á framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár (B-hluta). Að auki sé leiðin í Vestmannaeyjum að hluta til innan svæðis 723 á C-hluta náttúruminjaskrár. Strengleiðin muni að mestu liggja um óbyggt land frá fjöru að tengivirki, meðfram göngustígum og gegnum hraun sem sé að hluta til raskað.

Í umsögn Vestmannaeyjabæjar kemur fram að strengleiðin muni liggja um óraskað landslag frá því að hraun rann fram í Heimaeyjargosinu, ljóst þyki að lagning jarðstrengjanna muni hafa áhrif á þetta landslag. Því þurfi að vanda til verka þannig að sneitt sé framhjá hraunmyndunum og landslagið haldist sem eðlilegast. Gönguleið að Gjábackafjöru sé sem stendur illfær sökum bratta og illgresis. Vonir séu bundnar við að þegar framkvæmdum ljúki myndist þar ný gönguleið að Gjábackafjöru. Á þeim hluta leiðarinnar sem ekki verði göngustígar sé mikilvægar að jafna og endurgera eðlilega ásynd hraun yfirborðsins. Sveitarfélagið bendi einnig á skilmála í tillögu að breyttu Aðalskiplagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna lagninga Vestmannaeyjalína 4 og 5 sem beri að fara eftir.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Landsnet muni vanda til verka og halda raski í lágmarki eftir fremsta megni. Bætt aðgengi göngufólks að Gjábackafjöru verði haft í huga við framkvæmdir og frágangur í samráði við Vestmannaeyjabæ. Eftir áföngum verði reynt að takmarka rask á hrauni með því að opna eina skurðleið í einu, þar sem taka þurfi tillit til umhverfis m.a. hraunmyndanna. Framkvæmdaraðili muni fjarlægja allt fylliefni að loknum framkvæmdum og hugað verði að áfangaskiptingu. Framkvæmdaraðili sé meðvitaður um sérákvæði í skipulagi og muni fara eftir þeim við framkvæmdir og frágang.

### **Áhrif á vatn**

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé fjallað um lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í greinargerð framkvæmdaraðila. Framkvæmdin sé innan strandsjávarhlotsins Dyrhólaey að Þorlákshöfn (103-1342-C) og grunnsjávarhlotanna Landeyja (103-23-G) og Eldfells (103-242-G). Umhverfismarkmið vatnshlota séu lagalega bindandi og ástandi þeirra megi ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega. Því þurfi að fjalla um í greinargerð hvaða vatnshlot framkvæmdin nái til og fjalla um umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið og hvert núverandi ástand þess sé. Meta þurfi áhrif framkvæmdar á þau vatnshlot sem henni tengjast. Áhrifamatið þurfi að uppfylla kröfur laga um stjórn vatnamála og reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og breytingar á starfseminni eigi að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Starfsemi eða framkvæmdir megi ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau. Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort að



starfsemi og framkvæmdir hafi áhrif á vatnshlot þurfi að fara fram mat á áhrifum á gæðapætti sem skilgreindir hafi verið fyrir vatnshlotin.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin sé innan strandsjávarhlotsins Dyrhólaey að Þorlákshöfn og grunnvatnshlotanna Landeyja og Eldfells. Strandsjávarhlotið Dyrhólaey að Þorlákshöfn sé 4311 km<sup>2</sup> að flatarmáli með fullsaltan sjó og meðalvatnshita vetrar 4-7°C. Nokkur munur sé á flóði og fjöru, 1-5 m. Vistfræðilegt ástand vatnshlotsins sé óflokkað eins og stendur og efnafræðilegt ástand óþekkt. Staðbundið álag sé skráð á vatnshlotið vegna fráveitu frá Vestmannaeyjum, þremur fiskvinnslum og tveimur fiskimjölsverksmiðjum. Vatnshlotið sé ekki talið í hættu, það sé gert ráð fyrir að umhverfismarkmið þess náist.

Grunnvatnshlotið Landeyjar sé 1266,8 km<sup>2</sup> að flatarmáli, með mikið grunnvatnsstreymi en óskilgreint dýptarbil. Magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins séu óþekkt. Staðbundið álag sé á vatnshlotið vegna öskuhauga/sorplosunar á Strönd/Skógarsandi.

Grunnvatnshlotið Eldfell sé 8,9 km<sup>2</sup> að flatarmáli með mikið grunnvatnsstreymi en óskilgreint dýparbil. Magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins séu óskilgreind og ekkert álag sé skráð á vatnshlotið.

Framkvæmdaraðili telji ólíklegt að rafstrengurinn valdi þannig álagi á vatnshlotin að það hafi teljandi áhrif á hvort umhverfismarkmið þeirra náist. Sérstaklega í ljósi þess að aðrar veitulagnir séu á sama svæði og ekki skráðir sem álagsþættir á vatnshlotin. Þá beri að hafa í huga að hvorki framkvæmdir við strenglögna né rekstur strengjanna séu til þess fallin að valda teljandi álagi á vatn. Líkt og fram komi í inngangi 4. kafla í vatnaáætlun 2022-2027 geti vatnshlot verið undir álagi ef í þau séu losuð efni í því magni að geta valdið mengun eða framkvæmdir skapað breytingu á vatnformfræði s.s. breytingu á árfarvegum, stíflugerð, vegagerð, hafnargerð eða efnistöku sem eigi ekki við hér.

## 5 Skipulag og leyfi

Framkvæmdin er í samræmi við Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032.

Gerðar hafa verið viðeigandi breytingar á aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2015-2035 og Rangárþings eystra 2020-2032 vegna strenglagnarinnar.

Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulagið Tengivirki í Rimakoti í Rangárþingi eystra en gera þarf breytingu á deiliskipulaginu Hafnarsvæði (H-1) og miðsvæði norðan Strandavegar (M-1) í Vestmannaeyjum.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi frá Rangárþingi eystra og Vestmannaeyjabæ skv. skipulagslögum.

Samþykki þarf frá Umhverfisstofnun vegna lagningar línanna skv. lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjávarleiðslna. Einnig þarf samþykki Samgöngustofnu skv. sömu reglugerð.

Starfsleyfi þarf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna efnisnáms, fyllingar þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit auk starfsmannabúða skv. reglugerð um hollustuhætti.

Sækja þarf um leyfi til Vegagerðarinnar vegna strenglagnarinnar innan veghelgunarsvæða skv. vegalögum.

Óska þarf eftir leyfi frá Minjastofnun Íslands til framkvæmda þar sem minjum verði raskað.

Framkvæmdin er háð lögum um stjórn vatnamála.





## 6 Niðurstaða

Um er að ræða Vestmannaeyjalínur 4 og 5, lagningu 66 kV sæstrengja til Vestmannaeyja frá Rimakoti í Rangárþingi eystra. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.16 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### **Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, mengunar og ónæðis sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheild og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Við málsmeðferð Skipulagsstofnunar hefur komið fram að á landi verða strengirnir plægðir niður næst Rimakoti og hafa bein áhrif á 3-4 fornminjar, en grafnir að mestu leyti í ógróinn sand á Landeyjarsandi og í fjöru í Vestmannaeyjum (Gjábakkafjara og Skansfjara). Að framkvæmdum loknum ætlar Landsnet að ganga frá yfirborði jarðvegs þannig að það verði í sama horfi og áður var. Þá er ljóst að í Vestmannaeyjum verða strengirnir grafnir í fjöru innan svæðis sem er á náttúruminjasrá og í jörð nærri friðlýstum virkishleðslum á Skansinum, þar sem fyrir eru aðrar leiðslur sem lagðar voru um Skansinn fyrr á árum en einnig um ný svæði í hrauninu sem munu verða nýtt sem nýjar gönguleiðir eftir framkvæmdir. Í sjó munu sæstrengir liggja á svæði þar sem fyrir eru eldri lagnir og telur Skipulagsstofnun líklegt að áhrif framkvæmdanna á fjöru, fuglalíf, lífríki og hafsbotn verði óveruleg. Jarðstrengurinn mun fara yfir eldfellshraun Vestmannaeyjamegin sem er verndað hraun skv. 61. grein náttúruverndarlaganna og raska þar hrauni á kafla.

Skipulagsstofnun telur miðað við fyrirbyggjandi gögn að fyrirhuguð strenglög sé ekki líkleg til að hafa áhrif á strandsjávvarhlotið Dyrhólaey að Þorlákshöfn (103-1342-C) og grunnsjávvarhlotin Landeyjar (103-23-G) og Eldfell (103-242-G). Stofnunin bendir hins vegar á að liggja þarf fyrir að fyrrnefnd vatnshlot ná umhverfismarkmiðum sínum um gott efnafræðilegt ástand og að við leyfisveitingar til framkvæmda á grundvelli vatnalaga og um leyfi á grundvelli skipulagslaga skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun, sbr. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdanna kunni að verða á þrjár-fjórar fornminjar í Rangárþingi ytra og á Flakkarann í Vestmannaeyjum þar sem framkvæmdin mun valda raski á vernduðu eldfellshrauni. Skipulagsstofnun telur að þar sem leggja á strenginn innan friðhelgunarsvæðis nærri friðlýstum virkishleðslum á Skansinum án þess að raska minjunum sjálfum sé ekki líklegt að framkvæmdin komi til með að raska verndargildi Skansins. Skipulagsstofnun tekur undir með umsagnaraðilum um að lagning strengjanna um þetta viðkvæma svæði ná ekki út fyrir fyrirhugað framkvæmdasvæði og að framkvæmdir verði eins mikið og hægt er innan þess svæðis sem nú þegar hefur verið raskað vegna fyrri framkvæmda. Framkvæmdatilhögun og mótvægisáðgerðir eru að mati Skipulagsstofnunar til þess fallnar að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar t.a.m. á eldhraun.



Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktílhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og virði sértæka skilmála í aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2015-2035 sem og ábendingar Minjastofnunar Íslands vegna fornminja.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 17. desember 2024.

Reykjavík, 15. nóvember 2024

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

